



7. þing Keilusambands Íslands

Föstudaginn 14. apríl 2000

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Föstudagurinn 14. apríl 1999

- Þingforseti: Hafsteinn Pálsson
stjórn KLÍ: Valgeir Guðbjartsson formaður
Hörður Ingi Jóhannsson varaformaður
Sirrý Hrönn Haraldsdóttir gjaldkeri var fjarverandi
Sigríður Klemensdóttir ritari
Hafsteinn Sigurvinsson meðstjórnandi var fjarverandi
varastjórn: Jóna Alexandersdóttir var fjarverandi
Gunnar Gunnarsson
Magnús Reynisson
- Þingfulltrúar ÍBR: Þórir Ingvarsson KFR
Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir KFR
Helga Sigurðardóttir KFR
Theódóra Ólafsdóttir KFR
Sólveig Guðmundsdóttir KFR
Gunnar Gunnarsson KFR
Jón Helgi Bragason ÍR
Halldór Ragnar Halldórsson ÍR
Magnús Reynisson KR
Birgir Ari Hilmarsson Fylki
- Þingfulltrúar UMSK: Baldur Bjartmarsson KGB
Helgi Kristjánsson KGB
Skúli Arnfinnsson HK
- Þingfulltrúar ÍA: Guðmundur Sigurðsson ÍA
- Þingfulltrúar ÍRB: Ingiber Óskarsson Keflavík
Björgvin A. Björgvinsson Keflavík
Hólmar Magnússon Keflavík
- Þingsetning**
Valgeir Guðbjartsson, formaður KLÍ, bauð þingfulltrúa velkomna, sérstaklega Hafstein Pálsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ og setti fundinn kl. 20:05.
 - Kosnir fastir starfsmenn þingsins**
Þingforseti var kosinn Hafsteinn Pálsson, varaþingforseti Valgeir Guðbjartsson. Ritarar voru kjörin þau Sigríður Klemensdóttir og Hörður Ingi Jóhannsson. Hafsteinn þakkaði traustið sem honum var sýnt og tók við fundarstjórn. Engar athugasemdir komu fram við boðun þingsins.
 - Kosnar fastanefndir**
 - Kjörbréfanefnd:* Sólveig Guðmundsdóttir Jón Helgi Bragason og Hólmar Magnússon
 - Fjárhagsnefnd:* Helga Sigurðardóttir, Ingiber Óskarsson og Sigríður Klemensdóttir
 - Laga- og leikreglanefnd:* Þórir Ingvarsson, Halldór R. Halldórsson og Gunnar Gunnarsson
 - Allsherjarnefnd:* Sesselja U. Vilhjálmsdóttir, Magnús Reynisson og Guðmundur Sigurðsson
 - Kjörnefnd:* Theódóra Ólafsdóttir, Hörður Ingi Jóhannsson og Birgir Ari Hilmarsson

Kjörbréfanefnd tók strax til starfa

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

Valgeir Guðbjartsson flutti skýrslu formanns og fór í gegnum helstu atriði í Ársskýrslu KLÍ.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

Valgeir Guðbjartsson formaður KLÍ lagði fram endurskoðaða reikninga sambandsins þar sem Sirrý Hrönn Haraldsdóttir gjaldkeri var fjarverandi. Rekstrarhalli sambandsins var upp á 1.331.009 kr. og var það aðallega fólgið í auknum kostnaði við landsliðið vegna margra verkefna á árinu og kostnað við erlendan landsliðsþjálfara. Lækkun hefur orðið á rekstrartekjum en hækkun á rekstrargjöld og var þetta því niðurstaðan.

Strax á eftir gerði kjörbréfanefnd grein fyrir störfum sínum. Hólmar Magnússon formaður nefndarinnar gerði athugasemdir við að dagsetningar vantaði á tvö kjörbréfananna en að öðru leyti voru þau í lagi. Einn þingfulltrúi var mættur frá ÍA og annar á leiðinni. Þrír þingfulltrúar voru mættir frá ÍRB og sá fjórði var væntanlegur. Allir þrír þingfulltrúar voru mættir frá UMSK og alls 10 þingfulltrúar frá ÍBR en Gunnar Gunnarsson varamaður var þingfulltrúi í stað Erlu Ívarsdóttur sem var fjarverandi vegna veikinda. Kjörbréfin voru *samþykkt samhljóða*.

Í umræðum um skýrslu stjórnar og ársreikninga Keilusambandsins bar Halldór Ragnar Halldórsson fram fyrirspurn varðandi óinnheimtar tekjur hjá ÍR og Guðmundur Sigurðsson bar sömuleiðis fram fyrirspurn varðandi óinnheimtar skuldir hjá ÍA.

Valgeir formaður svaraði þessum fyrirspurnum og fór yfir stöðu félaganna í dag og hvaða skuldir er að ræða, t.d. er skuld ÍR frá árinu 1997 vegna kostnaðar ÍR vegna landsliðsferðar.

Að þessu loknu var skýrslan og reikningar borin undir atkvæði og voru þau *samþykkt samhljóða*.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

Valgeir Guðbjartsson formaður lagði fram fjárhagsáætlun fyrir 2001 ásamt endurmetinni fjárhagsáætlun fyrir 2000 (sjá þingskjal 1). Í máli Valgeirs kom m.a. fram að gert er ráð fyrir lækkun á tekjum af Lottó og útbreiðslustyrk ÍSÍ og jafnframt fækkun liða sem þýðir minni tekjur til sambandsins. Fjárhagsáætluninni var vísað til fjárhagsnefndar til yfirferðar.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar sem fram hafa komið

Þórir Ingvarsson las upp breytingarnar á lögum og leikreglum, sem fyrir lágu (þingskjöl 2 - 11). Breytingum á lögum- og reglugerðum var vísað til Laga- og leikreglnanefndar.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar

Engin önnur mál eða tillögur lágu fyrir fundinum, þannig að þingforseti kannaði hug fundarmanna til að halda áfram þingstörfum eftir 30 mínútur í stað þess að fresta fundi til morguns. Fundarmenn samþykktu það samhljóða.

Hafsteinn Pálsson þingforseti tilkynnti þá um kaffiveitingar í boði sambandsins og boðaði 30 mínútna hlé fyrir nefndir til að ræða saman.

ÞINGHLÉ

22:20 var fundur settur aftur.

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

- a) Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir kom upp í ræðustól fyrir hönd allsherjarnefndar. Engar tillögur höfðu borist nefndinni að þessu sinni og var nefndinni þakkað fyrir sín störf.
- b) Laga- og leikreglnanefnd lagði fram nokkrar breytingartillögur og voru þær afgreiddar þannig að Þórir Ingvarsson, formaður nefndarinnar, las upp eina tillögu í einu, þær voru ræddar og bornar undir atkvæði, með breytingum ef svo bar undir, áður en næsta tillaga var tekin fyrir. Síðan bar þingforseti alla reglugerðina með breytingum undir atkvæði.

I. REGLUGERÐ KLÍ UM KEILUMÓT sjá þingskjal 2

13. gr. „Í mótum (sem KLÍ heldur eða viðurkennir) er öll notkun tóbaks bönnuð. Tóbaksbannið hefst við upphitun. Þegar unglingar eru að æfa eða keppa í keilusal skal gilda reykingarbann keppenda og áhorfenda (samanber reglur ÍSÍ).

Theódóra Ólafsdóttir bar fram breytingartillögu um að fella niður orðið keppenda úr greininni og var breytingartillagan samþykkt. **Samþykkt samhljóða.**

Greinin hljóðar því þannig:

13. gr. „Í mótum (sem KLÍ heldur eða viðurkennir) er öll notkun tóbaks bönnuð. Tóbaksbannið hefst við upphitun. Þegar unglingar eru að æfa eða keppa í keilusal skal gilda reykingarbann áhorfenda (samanber reglur ÍSÍ). **Greinin samþykkt samhljóða.**

Ný grein 21. gr. “ Notkun farsíma í og við leikmannasvæði á meðan keppni stendur er óheimil.” **Greinin samþykkt samhljóða.**

Ný grein 22. gr. “ Upphitun í keilumótum skal vera eftirfarandi:

1 til 2 keppendur á braut – 5 mínútur
3 til 4 keppendur á braut – 10 mínútur

Jón Helgi Bragason bar fram breytingartillögu um að bæta við regluna 15 mínútna upphitun fyrir 5 til 6 keppendur á braut og var sú breytingartillagan samþykkt. **Samþykkt samhljóða.**

Greinin hljóðar því þannig:

Ný grein 22. gr. “ Upphitun í keilumótum skal vera eftirfarandi:

1 til 2 keppendur á braut – 5 mínútur
3 til 4 keppendur á braut – 10 mínútur
5 til 6 keppendur á braut – 15 mínútur

Greinin samþykkt samhljóða.

Reglugerðin samþykkt samhljóða

II. REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT PARA, sjá þingskjal 3

4. gr. “Leiknar skulu þrjár leikja seríur og ekki skal leika fleiri en tvo leiki í senn á sama brautarpari.” **Greinin samþykkt samhljóða.**

Reglugerðin samþykkt samhljóða

III. REGLUGERÐ FYRIR AGANEFND KLÍ, sjá þingskjal 4

5. gr. “Refsing skal vera að lágmarki sem hér segir:

Fyrir 6 refsistig – 1 sería í bann
Fyrir 12 refsistig – 3 seríur í bann
Fyrir 16 refsistig – 6 seríur í bann
Fyrir 20 refsistig – 10 seríur í bann

Aganefnd er heimilt að ákveða annað form á refsingu, t.d. tímabundið keppnisbann.

Með seríu er átt við 3 leiki eða fleiri sem leiknir eru sama dag, eftir fyrirkomulagi móts. Hafi leikmaður fengið einnar seríu bann vegna 6 refsistiga og nær síðan 12 refsistigum skal hann hljóta þriggja seríu bann til viðbótar. Nái hann 16 refsistigum kemur 6 seríu bann til viðbótar og nái hann 20 stigum kemur 10 seríu bann til viðbótar.

Refsingu er aðeins hægt að taka út í mótum sem haldin eru af KLÍ og skal aganefnd ákvarða í hvaða mótum leikmaður skal taka út leikbann.” **Greinin samþykkt samhljóða.**

Reglugerðin samþykkt samhljóða

IV. REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT LIÐA, sjá þingskjal 5

8. gr. “2. Farsóttir eða alvarleg veikindi.” **Greinin samþykkt samhljóða.**

Reglugerðin samþykkt samhljóða

V. REGLUGERÐ KLÍ FYRIR DÓMARA, sjá þingskjal 6

3. gr. “Ef félag sinnir ekki dómgæslu, sem það á samkvæmt mótabók að annast, eða hefur verið tilkynnt um með minnst 14 sólarhringa fyrirvara, er KLÍ heimilt að sekta félagið um allt að 5.000 kr. Ef sekt er ekki greidd er KLÍ heimilt að setja félagið í keppnisbann.” **Greinin samþykkt samhljóða.**

Reglugerðin samþykkt samhljóða

VI. REGLUGERÐ KLÍ UM KEILUMÓT, sjá þingskjal 7

19. gr. Búningar “Allir leikmenn liðs skulu vera í keppnistreyjum af sama lit og sömu tegund. Karlar skulu vera í síðbuxum af sama lit en konur mega vera í síðbuxum, pilsu eða stuttbuxnadressi af sama lit. Dómari skal veita hverjum þeim leikmanni áminningu sem ekki fylgir þessu ákvæði.

Í A-mótum, sem og öllum mótum sem sjónvarpað er frá, er óheimilt að leika í gallabuxum. Sé einhver þannig klæddur að ósæmilegt megi teljast, getur mótstjóri/dómari bannað honum að keppa, nema ráðin sé bót á því.” **Greinin samþykkt samhljóða.**

Reglugerðin samþykkt samhljóða

VII. REGLUGERÐ KLÍ UM BIKARKEPPNI LIÐA, sjá þingskjal 8

2. gr. “Rétt til þátttöku hafa öll lið sem starfa innan vébanda Keilusambands Íslands. Hverju liði er heimilt að senda tvær sveitir til Bikarkeppninnar, A og B sveit. Félag skulu tilkynna þátttöku liða í Bikarkeppni liða eigi síðar en 31. maí fyrir eldri lið og 31. júlí fyrir ný lið á þar til gerðum eyðublöðum.” **Greinin samþykkt samhljóða.**

8. gr. “2. Farsóttir eða alvarleg veikindi.” **Greinin samþykkt samhljóða.**

Reglugerðin samþykkt samhljóða

VIII. REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT UNGLINGALIÐA, sjá þingskjal 9

2. gr. “Rétt til þátttöku í Íslandsmóti unglingsliða hafa öll félag innan KLÍ og skulu þau skila inn tilkynningu um þátttöku í mótinu fyrir lið sín eigi síðar en 30. september. Unglingslið skulu skipuð a.m.k. þremur unglingsliðum og er heimilt að hafa blönduð lið pilta og stúlkna. Þrjú leika hverju sinni. Um liðaskipti milli unglingsliða, innan félags eða milli félaga, gilda almennar liðaskiptareglur KLÍ. Æskilegt er að þjálfari eða liðstjóri fylgi unglingsliðunum.” **Greinin samþykkt samhljóða.**

Ný grein 5. gr. “Óski lið eftir frestun á viðureign í Íslandsmóti unglingsliða skal skrifleg beiðni þar um send formanni unglingsnefndar með minnst 7 sólarhringa fyrirvara, nema veigamiklar ástæður liggja fyrir frestunarbeiðninni. Veiðgamiklar ástæður eru:

1. Samgönguferfiðleikar vegna veðurs
2. Farsóttir eða alvarlega veikindi
3. Leikmenn eru fjarverandi á vegum KLÍ

Unglinganefnd úrskurðar um fresti án tafar og tilkynnir fyrirliðum og forráðamönnum viðkomandi liða, svo og öðrum þeim sem málið kann að varða, minnst 4 sólarhringum fyrir viðureignina. Unglinganefnd ákveður svo hvenær leika skuli frestuðu viðureignina, tilnefnir dómara og tilkynnir viðkomandi liðum. Lið það sem sækir um frestunina ber allan aukakostnað af frestuninni. Leitast skal við að frestaði leikurinn sé leikinn fyrir næstu umferð á eftir.”

Nokkrar umræður urðu um orðalag 5. gr. og var ritara falið að umorða greinina á viðeigandi hátt.
Greinin samþykkt með þorra atkvæða gegn tveimur.

Reglugerðin í heild samþykkt með þorra atkvæða gegn tveimur.

IX. REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA, sjá þingskjöl 10a, 10b og 10c

Nefndin lagði til að tillögur um nýja reglugerð um Íslandsmót einstaklinga í karla og kvennaflokki með og án forgjafar, sbr. þingskjöl 10a, 10b og 10c, verði sameinuð í eina reglugerð um Íslandsmót einstaklinga.

1. gr. “Íslandsmót einstaklinga skal haldið árlega í febrúar/mars.” **Greinin samþykkt samhljóða.**
2. gr. “Keppt skal með og án forgjafar. Forgjöf er 75% af 200.” **Greinin samþykkt samhljóða.**
3. gr. “Keppendum er heimilt að keppa með og án forgjafar. Ef ekki nást fleiri en 15 keppendur í karlaflokki eða 10 keppendur í kvennaflokki með forgjöf er mótanefnd heimilt að fella niður það fyrirkomulag í viðkomandi keppni.” **Greinin samþykkt samhljóða.**
4. gr. “Aldrei skal leika fleiri en 2 leiki í senn á sama brautarpari.” **Greinin samþykkt samhljóða.**
5. gr. Óbreytt
6. gr. Óbreytt
7. gr. “Einstaklingskeppni karla
Forkeppni: Allir keppendur leika 16 leiki, 8 leiki í senn. Skorið úr forkeppninni fylgir í milliriðil.

Laugardagur/Keppni án forgjafar

Milliriðil: 20 efstu keppendurnir án forgjafar spila 6 leiki um morguninn, 10 efstu komast í undanúrslit og spila eftir hádegið og fylgir skorið úr forkeppni og milliriðlinum

Undanúrslit: Allir keppa við alla einfalda umferð. Á stigin fyrir leikina bætast bónusstig þannig:

Fyrir sigur í leik fást	20 bónusstig,
fyrir jafntefli í leik fást	10 bónusstig,
fyrir 200 – 249 leik fást	5 bónusstig,
fyrir 250 – 300 leik fást	10 bónusstig..

Að loknum þessum 9 leikjum fer fram stöðuumferð, spilaður skal einn leikur og fylgir allt skor úr mótinu:

Sæti 1 við sæti 2,
sæti 3 við sæti 4,
sæti 5 við sæti 6,
sæti 7 við sæti 8,
sæti 9 við sæti 10.

Að loknum þessum leik fara 3 efstu keppendurnir í úrslit.

Úrslit: Spiluð eru úrslit 3 – 2 – 1 – 1 og skal úrslitaleikurinn vera tvöfaldur. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga.

Sunnudagur/Keppni með forgjöf

Milliriðill: 20 efstu keppendurnir með forgjöf spila 6 leiki um morguninn, 10 efstu keppendurnir komast í undanúrslit og spila eftir hádegið og fylgir skorið úr forkeppni og milliriðlinum.

Undanúrslit: Allir keppa við alla einfalda umferð. Á stigin fyrir leikina bætast bónusstig þannig:

Fyrir sigur í leik fást	20 bónusstig,
fyrir jafntefli í leik fást	10 bónusstig,
fyrir 200 – 249 leik fást	5 bónusstig,
fyrir 250 – 300 leik fást	10 bónusstig..

Að loknum þessum 9 leikjum fer fram stöðuumferð, spilaður skal einn leikur og fylgir allt skor úr mótinu:

Sæti 1 við sæti 2,
sæti 3 við sæti 4,
sæti 5 við sæti 6,
sæti 7 við sæti 8,
sæti 9 við sæti 10.

Að loknum þessum leik fara 3 efstu keppendurnir í úrslit.

Úrslit: Spiluð eru úrslit 3 – 2 – 1 – 1 og skal úrslitaleikurinn vera tvöfaldur. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.” **Greinin samþykkt samhljóða.**

8. gr. “Einstaklingskeppni kvenna

Forkeppni: Allir keppendur leika 12 leiki, 6 leiki í senn. Skorið úr forkeppni fylgir í milliriðil.

Laugardagur/Keppni án forgjafar

Milliriðill: 12 efstu keppendur án forgjafar spila 6 leiki um morguninn, 6 efstu komast í undanúrslit og spila eftir hádegið og fylgir skorið úr forkeppni og milliriðlinum.

Undanúrslit: Allir keppa við alla einfalda umferð. Á stigin fyrir leikina bætast bónusstig þannig:

Fyrir sigur í leik fást	20 bónusstig,
fyrir jafntefli í leik fást	10 bónusstig,
fyrir 200 – 249 leik fást	5 bónusstig,
fyrir 250 – 300 leik fást	10 bónusstig..

Að loknum þessum 5 leikjum fer fram stöðuumferð, spilaður skal einn leikur og fylgir allt skor úr mótinu:

Sæti 1 við sæti 2,
sæti 3 við sæti 4,
sæti 5 við sæti 6.

Að loknum þessum leik fara 3 efstu keppendurnir í úrslit.

Úrslit: Spiluð eru úrslit 3 – 2 – 1 – 1 og skal úrslitaleikurinn vera tvöfaldur. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga.

Sunnudagur/Keppni með forgjöf

Milliriðill: 12 efstu keppendurnir með forgjöf spila 6 leiki um morguninn, 6 efstu keppendurnir komast í undanúrslit og spila eftir hádegið og fylgir skorið úr forkeppni og milliriðlinum.

Undanúrslit: Allir keppa við alla einfalda umferð. Á stigin fyrir leikina bætast bónusstig þannig:

Fyrir sigur í leik fást	20 bónusstig,
fyrir jafntefli í leik fást	10 bónusstig,
fyrir 200 – 249 leik fást	5 bónusstig,
fyrir 250 – 300 leik fást	10 bónusstig..

Að loknum þessum 5 leikjum fer fram stöðuumferð, spilaður skal einn leikur og fylgir allt skor úr mótinu:

Sæti 1 við sæti 2,
sæti 3 við sæti 4,
sæti 5 við sæti 6.

Að loknum þessum leik fara 3 efstu keppendurnir í úrslit.

Úrslit: Spiluð eru úrslit 3 – 2 – 1 – 1 og skal úrslitaleikurinn vera tvöfaldur. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf. ” **Greinin samþykkt samhljóða.**

Reglugerðin í heild samþykkt með þorra atkvæða gegn þremur.

X. REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI DEILDARLIÐA, sjá þingskjal 11.

Nefndin lagði til að þingskjalið yrði felld niður og jafnframt að gildandi reglugerð um Íslandsmót í tvímenningi deildarliða verði felld niður. Í staðinn verði stjórn KLÍ falið að setja nýja reglugerð um Íslandsmót í tvímenningi deildarliða. **Þessi breyting var samþykkt samhljóða.**

- c) Fyrir hönd fjárhagsnefndar kom Helga Sigurðardóttir. Nefndin lagði fram endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir starfsárin 2000 og 2001, sjá fylgiskjal. Gerði hún athugasemdir við fjárhagsáætlun beggja árána og breytti m.a. áætluninni þannig að tekjur af Lottói, útbreiðslustyrkur ÍSÍ og skráningargjöld liða voru lækkuð einnig verðlaunakostnaður, árgald FIQ/WTBA og kostnaður vegna útgáfu, útbreiðslu og kynningarstarfs. Eftir þessar breytingar var fjárhagsáætlunin **samþykkt samhljóða.**

10. Önnur mál

Ingiber Óskarsson bar fram fyrirspurn varðandi leiktíma í deildunum á næsta keppnistímabili. Valgeir svaraði því til að leiktíminn yrði skoðaður fyrir næsta keppnistímabil.

Birgir Ari Hilmarsson kom þeirri ábendingu til stjórnar KLÍ að skoða og fara yfir reglugerðir sambandsins fyrir næsta þing og einnig hvatti hann til þess að lögum og reglugerðum KLÍ verði komið á Heimasíðu KLÍ.

Valgeir svaraði því að stefnt væri að því að gefa út nýja reglugerðarbók fyrir næsta keppnistímabil og jafnframt að setja þetta inn á Heimasíðuna.

Hafsteinn Pálsson flutti þinginu kveðjur frá forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórn og starfsfólki. Búið er að halda fyrsta fund nýkjörinnar framkvæmdastjórnar ÍSÍ og hefur hún skipt með sér störfum. Nýtt svið hefur nú verið stofnað innan ÍSÍ, svokallað Almennings- og umhverfissvið og er Hafsteinn Pálsson formaður þess sviðs. Hafsteinn sagði einnig frá helstu málefnum frá ÍSÍ þingi sem haldið var á Akureyri í marsmánuði. Meðal þess er ný dómstólaskipa ÍSÍ sem mun hafa áhrif á dómstól KLÍ. Breytingin hefur það í för með sér að KLÍ verður að hafa efra og neðra dómstig ef dómstóll KLÍ verður áfram. Að lokum hvatti Hafsteinn KLÍ til átaks í útbreiðslumálum.

Ekki voru rædd önnur mál undir þessum dagskrárlið.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ

Theódóra Ólafsdóttir forsvarsmáður kjörnefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Úr stjórn KLÍ gengu: Sigríður Klemensdóttir og Hafsteinn Sigurvinsson.

Úr varastjórn gengu: Jóna Alexandersdóttir, Magnús Reynisson og Gunnar Gunnarsson.

Nefndin lagði fram tillögu um Sigríði Klemensdóttur og Björgvin A. Björgvinsson sem stjórnarmenn til tveggja ára í aðalstjórn KLÍ. Einnig gaf Jón Helgi Bragason kost á sér í aðalstjórn og þurfti því að grípa til skriflegrar atkvæðagreiðslu. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar urðu þær að Sigríður Klemensdóttir hlaut 15 atkvæði, Björgvin A. Björgvinsson 11 atkvæði og Jón Helgi Bragason 6 atkvæði. Sigríður og Björgvin voru því lýst rétt kjörin í aðalstjórn KLÍ.

Jóna Alexandersdóttir, Gunnar Gunnarsson og Magnús Reynisson gáfu öll kost á sér aftur í varastjórn KLÍ. Nefndin lagði til að þau yrðu öll endurkjörin til eins árs. Engar aðrar tillögur bárust um varamenn í stjórn og voru þau *samþykkt samhljóða*.

Tillaga kom fram að vísa til stjórnar KLÍ að skipa fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ og var það *samþykkt samhljóða*.

12. Kosnir 2 skoðunarmenn reikninga og tveir til vara

Nefndin lagði til að skoðunarmenn og tveir til vara væru þeir sömu og áður, þ.e. Guðni Gústafsson og Pétur Haukur Helgason. Engar aðrar tillögur bárust og voru þeir *samþykktir samhljóða*.

13. Kosnir þrjú menn í dómstól og 2 til vara

Tillögur voru um Guðjón Ólafsson, Þóri Ingvarsson og Harald Sigursteinsson sem aðalmenn í Dómstól KLÍ og Helgu Sigurðardóttur, Þórð Tyrfingsson og Ingimund Helgason sem varamenn Dómstólsins. Engar aðrar tillögur bárust og voru þau *samþykktir samhljóða*.

14. Þingfundargerðir lesnar og samþykktar.

Samþykkt var að fela stjórninni að lesa yfir og samþykkja þingfundargerðir. Þingforseti lagði til að þingriturum og stjórn KLÍ verði falið að ganga frá fundargerð og senda aðildarfélögum og fundarmönnum.

15. Þingslit.

Að þessu loknu sleit Hafsteinn Pálsson þingforseti fundinum kl. 23:15.

Reykjavík, maí 2000

Sigríður Klemensdóttir
Þingritari

Hörður Ingi Jóhannsson
Þingritari